



Fjármál 1 – FJÁ2A05

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Reynir Már Ásgeirsson

Netfang/netföng:

reynir.asgeirsson@borgo.is

Lýsing:

Fjallað verður um fjármálalæsi almennt. Um hlutföll, prósentur, vexti, vaxtavexti, rætur, veldi og logaritma. Einnig verður komið inn á námslán, megin tegundir húsnæðislána, lán með jöfnum afborgunum og jafngreiðslulán (annuitet), bílalán, raðgreiðslur og greiðsluáætlanir til skamms og langs tíma. Núvirðisreikningur, skuldabréfa- og verðbréfamarkaður og ýmis atriði tengd útreikningum í viðskiptum og hagfræði verða til umfjöllunar í áfanganum.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hlutfallareikningi.
- vaxtareikningi.
- prósentureikningi.
- nafnvöxtum og raunvöxtum.
- kaupverði, gengi, afföllum og yfirverði skuldabréfa.
- vísitölum.
- útreikningi á gengi gjaldmiðla.
- verðtryggingu.
- skulda- og verðbréfamarkaði.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota reiknivélar við að leysa dæmi úr daglega lífinu.
- nota töflureikni eða annan hentugan hugbúnað við lausn verkefna.
- fást við og leysa útreikninga sem hafa almennt hagnýtt gildi.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um íbúðalán, jafnar afborganir og jafngreiðslulán (annuitet), bílalán og raðgreiðslur sem er metið með skilaverkefnum, umræðum og prófum.
- setja upp greiðsluáætlanir til skamms- og langtíma sem metið er með hóp- og einstaklingsverkefnum.
- reikna álagningu og útsölu verð, vinnulaun og opinber gjöld sem metið er með skriflegu prófi.
- fylgjast með verðbólgu og verðlagshækkunum sem metið er með skilaverkefnum og umræðum.
- nota töflureikni eða annan hentugan hugbúnað við lausn verkefna í tölvum sem metið er með einstaklingsverkefnum.



Námsmat:

Tvö hlutapróf.....	45%
Hópverkefni (ritsmíð)	30%
Kynning.....	15%
Kennaraeinkunn.....	10%

Nemendur þreyta tvö hlutapróf sem hvert vegur 22,5% af lokaeinkunn. Ástundun og virkni nemandans heyra til kennaraeinkunnar sem telur 10% af lokaeinkunn; en í því samhengi skulu nemendur útbúa vinnubók/vinnumöppu þar sem lausnum við smærri verkefnum, ígrundunum er snerta viðfangsefni áfangans og svörum við spurningum úr kennslubók er haldið til haga. Í áfanganum vinna nemendur saman að hópverkefni (30%); og í lok annar eru niðurstöður þess kynntar fyrir kennara og samnemendum. Kynningin vegur 15% af lokaeinkunn.

Námsgögn:

Fjármál 1: Fyrir ungt fólk eftir Ásgeir Valdimarsson (útg. 2017 eða nýrri), útgefandi ÁV. Seld í BHS

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum og taka þátt í hlutaprófum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	5.-6. janúar	1. kafli: Fjármálalæsi	
2	9.-13. janúar	2. kafli: Jöfnur og hlutföll	
3	16.-20. janúar	3. kafli: Prósentur	
4	23.-27. janúar	4. kafli: Vaxtareikningur	
5	30. jan-3. febrúar	5. kafli: Vaxtavextir, veldi og rætur	
6	6.-10. febrúar	6. kafli: Hvað kosta fötin og hlutirnir ...?	Hlutapróf 1 (22,5%) Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	7. kafli: Háskólanám, nám erlendis, námslán, endurgreiðslur	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	8. kafli: Bílalán, raðgreiðslur, staðgreiðsla	Vorannarhlé
9	28. febrúar-3. mars	9. kafli: Að kaupa eða leigja íbúð, hverju munar?	
10	6.-10. mars	10. kafli: Íbúðalán, óverðtryggð lán og vísitölur	
11	13.-17. mars	11. kafli: Verðtryggð lán og vísitölur	
12	20.-24. mars	12. kafli: Skuldabréfa- og verðbréfamarkaðir	Hlutapróf 2 (22,5%) Vörðuvika II
13	27.-31. mars	13. kafli: Áætlanagerð	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	14. kafli: Núvirðisreikningur og fjárfestingar	
16	17.-21. apríl	14. kafli: Núvirðisreikningur og fjárfestingar	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	15. kafli: Gengis- og gjaldeyrisreikningur	Hópverkefni (30%)
18	1.-5. maí	Verkefnavinna	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Verkefnavinna	Kynning (15%)
20	15.-16. maí	Yfirlit og samantekt	Kennaraeinkunn (10%) Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.